

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 54/95
frá 22. júní 1995**

um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XVII. viðauka við samninginn var síðast breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/95 frá 27. janúar 1995⁽¹⁾.

Ákvörðun ráðsins 94/700/EB frá 24. október 1994 um rýmkun lögverndar fyrir svæðislýsingar smárása á hálfleiðurum þannig að hún nái til persóna frá Kanada⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun ráðsins 94/828/EB frá 19. desember 1994 um rýmkun lögverndar fyrir svæðislýsingar smárása á hálfleiðurum þannig að hún nái til persóna frá tilteknum yfirráðasvæðum⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun ráðsins 94/824/EB frá 22. desember 1994 um rýmkun lögverndar svæðislýsinga smárása á hálfleiðurum þannig að hún nái til persóna frá aðila að Alþjóðaviðskiptastofnuninni⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 47, 2. 3. 1995, bls. 30 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 7, 2. 3. 1995, bls. 125.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 284, 1. 11. 1994, bls. 61.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 351, 31. 12. 1994, bls. 12.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 349, 31. 12. 1994, bls. 201.

1. gr.

Eftirfarandi liðir komi aftan við lið 3f (ákvörðun ráðsins 94/373/EB) í XVII. viðauka við samninginn:

- „3g. 394 D 0700: Ákvörðun ráðsins 94/700/EB frá 24. október 1994 um rýmkun lögverndar fyrir svæðislýsingar smárása á hálfleiðurum þannig að hún nái til aðila frá Kanada skal felld inn í samninginn. (Stjtið. EB nr. L 284, 1. 11. 1994, bls. 61).
- 3h. 394 D 0828: Ákvörðun ráðsins 94/828/EB frá 19. desember 1994 um rýmkun lögverndar fyrir svæðislýsingar smárása á hálfleiðurum þannig að hún nái til aðila frá tilteknum yfirráðasvæðum. (Stjtið. EB nr. L 251, 31. 12. 1994, bls. 12).
- 3i. 394 D 0824: Ákvörðun ráðsins 94/824/EB frá 22. desember 1994 um rýmkun lögverndar svæðislýsinga smárása á hálfleiðurum þannig að hún nái til einstaklinga frá aðila að Alþjóðaviðskiptastofnuninni. (Stjtið. EB nr. L 349, 31. 12. 1994, bls. 201).“.

2. gr.

Fullgiltur texti ákvarðana ráðsins 94/700/EB, 94/828/EB og 94/824/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júlí 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 22. júní 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Benavides

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Sucker